

September 2021



Stafræn heilbrigðisþjónusta

Stefna heilbrigðisráðuneytisins

| Stjórnarráð Íslands
| Heilbrigðisráðuneytið



Með eftirfarandi stefnu heilbrigðisráðuneytisins um stafræna heilbrigðisþjónustu er lagður grunnur að framtíðaráætlunum ráðuneytisins við þróun og notkun á stafrænni tækni til að bæta þjónustu og efla öflun, notkun og miðlun upplýsinga í þágu heilbrigðis þjóðarinnar. Í stefnunni eru sett fram þrjú meginmarkmið; að virkja einstaklinginn sem þátttakanda í eigin meðferð og heilsueflingu, auka samhæfingu milli kerfa og styðja við nýsköpun og eflingu vísinda og rannsókna.

Stefnan var unnin í samráði við helstu haghafa sem koma að veitingu heilbrigðisþjónustu, skipulagi og eftirliti með henni.


Áherslur í stafrænni heilbrigðisþjónustu


Heilbrigðisstefna til ársins 2030 skiptist í sjö lykilþætti:

- Forysta til árangurs
- Rétt þjónusta á réttum stað
- Fólkið í forgrunni
- Virkir notendur
- Skilvirk þjónustukaup
- Gæði í fyrirrúmi
- Hugsað til framtíðar (menntun heilbrigðisstétta og vísindastarf)

Stafræn þjónusta getur skipt sköpum í öllum lykilþáttunum.

Eftirfarandi áherslur eru unnar út frá heilbrigðisstefnunni og hafa tengingu við fimm ára aðgerðaáætlun ráðherra. Með þeim er lagður grunnur að framtíðaráætlunum heilbrigðisráðuneytisins við þróun og notkun á stafrænni tækni til að bæta þjónustu og efla upplýsingar til að leggja grunn að heilbrigði þjóðarinnar.





Helstu áskoranir sem taka þarf mið af til framtíðar:

- Öldrun þjóðarinnar og aukning á langvinnum sjúkdómum
- Skipting gæða og aðgengi að þjónustu
- Skortur á heilbrigðisstarfsfólki, dreifing og nýting
- Ákall um aukna framleiðni í heilbrigðisþjónustu

Framtíðarsýn

Árið 2030 hefur íslenskur almenningur tækifæri til að styrkja og viðhalda eigin heilbrigði með stafrænum lausnum í öruggu og samtengdu upplýsingaumhverfi.

Upplýsingar eru til staðar á stafrænu formi fyrir heilbrigðisstarfsfólk til að tryggja öryggi og gæði þjónustunnar. Gagnagrunnar og lífsýnasöfn innan heilbrigðiskerfisins eru opin og aðgengileg þeim sem öðlast hafa tilskilin leyfi til vísindarannsókna.




Stafræn tækni gefur sóknarfæri

Með nýtingu tækninýjunga er unnt að ná fram betri þjónustu:

- Öflug og samþætt upplýsingakerfi
- Einstaklingsmiðuð rannsókn, greining og meðferð
- Upplýsingar nýtast til forvarna einstaklinga og almennrar lýðheilsu


Markmiðið er að setja þarfir einstaklingsins í forgrunn og einfalda dagleg störf heilbrigðisstarfsfólks með því að styrkja **stafrænan upplýsingagrunn** sem gengur þvert á heilbrigðiskerfið ásamt því að tryggja öryggi og gæði.






Þrjú meginmarkmið stafrænnar heilbrigðisþjónustu

- Virkja einstaklinginn sem þátttakanda í eigin meðferð og heilsueflingu
- Auka samhæfingu milli kerfa
- Styðja við nýsköpun og eflingu vísinda og rannsókna




Virkja einstaklinginn sem þátttakanda í eigin meðferð og heilsuefningu



- Einstaklingar geta fylgst með, skráð og lagt mat á heilsufar sitt í eigin sjúkraskrá
- Í Heilsuveru er aðgangur að fræðslu og upplýsingum þannig að einstaklingar geta brugðist við heilbrigðisvandamálum
- Einstaklingar hafa möguleika á að tengjast meðferðaraðila í gegnum örugg rafræn samskipti með auðveldum hætti
- Gögn um alla einstaklinga eru rétt, fullnægjandi og varin gegn óviðkomandi aðgangi

Einstaklingar geti notað rafrænar lausnir til að standa vörð um eigin heilsu


Auka samhæfingu milli kerfa



- Samfella í einstaklingsmiðaðri meðferð
- Heilbrigðisstarfsfólk skráir viðeigandi gögn í sjúkraskrá með stöðluðum hætti og hefur aðgang að nauðsynlegum sjúkraskrárupplýsingum á réttum tíma
- Tryggður er grunnur að öruggum samskiptum heilbrigðiskerfa sem og annarra kerfa með samræmdum stöðlum
- Stöðug endurgjöf notenda (almennigur og heilbrigðisstarfsfólk) til umbóta á rafrænum lausnum

Allir upplifi samfellu í heilbrigðiskerfinu þar sem öll gögn eru aðgengileg viðeigandi aðilum á réttum tíma

Styðja við nýsköpun og eflingu vísinda og rannsókna



- Nýsköpun í heilbrigðistækni nýtur stuðnings og stuðlað er að samvinnu heilbrigðisstofnana og allra aðila
- Standa vörð um opinber framlög til sameiginlegra samstarfsverkefna með samstarfsaðilum
- Stöðugar umbætur með tækni (m.a. gervigreind og snjalltækni) sem er gagnadrifin og stuðlar að sjálfvirkni, er forspárgefandi og styður við ákvarðanatöku
- Markviss uppbygging og nýting heilbrigðisgagnasafna til rannsókna, greininga og meðferða

Tryggja stöðuga þróun í nýsköpun og eflingu vísinda og rannsókna með markvissu samstarfi aðila í þágu bættrar heilbrigðisþjónustu